

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 31. ágúst 2016

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, með síðari breytingum (verðtryggð neytendalán). 817. mál.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um framangreint frumvarp. Frumvarpið tekur mið af þeim sjónarmiðum sem fram komu í skýrslu sérfræðingahóps um afnám verðtryggingar af neytendalánnum frá janúar 2014. Með frumvarpinu er lagt til að almennt verði óheimilt að veita neytendum verðtryggð jafngreiðslulán til lengri tíma en 25 ára, með undanþágum fyrir ungt fólk, lántaka með lægri tekjur og lántaka með lágt veðsetningarhlutfall.

SA er því fylgjandi að frumvarpið verði að lögum og tekur undir þau rök sem koma fram í greinargerð með frumvarpinu og fyrrnefndri skýrslu sérfræðingahóps. Með frumvarpinu er valin varkár leið til að draga úr vægi verðtryggingar án þess að valda umbyltingu á fjármálamarkaði.

Í frumvarpinu eru lagðar til almennar takmarkanir á veitingu nýrra verðtryggðra langtíma jafngreiðslulána með því að stytta hámarkslánstíma slíkra lána í 25 ár. Með því er ætlunin að minnka þá hættu á útlánaþenslu og yfirveðsetningu sem þessu lánaformi fylgir.

Helstu ókostir verðtryggðra jafngreiðslulána til langs tíma eru að greiðsluferill þeirra veldur hættu á yfirveðsetningu á fyrri hluta lánstímans þegar verðbótum er velt yfir á höfuðstólinn auk þess sem heildarvaxtakostnaður lántaka verður umtalsvert hærri en ella. Þessi ókostur lánanna ágerist eftir því sem lánstíminn er lengri.

Frumvarpið hefur að geyma víðtækar undanþágur sem heimila veitingu lengri verðtryggðra jafngreiðslulána en til 25 ára í því skyni að auka ekki greiðslubyrði ungs og tekjulágs fólks en greiningar benda til að það muni eiga í erfiðleikum með að standa undir þeirri auknu greiðslubyrði sem af styttri verðtryggðum lánnum eða óverðtryggðum lánnum hlýst. Þá þykir ekki ástæða til að standa gegn verðtryggðum langtíma jafngreiðslulánnum ef veðsetningarhlutfall er ekki hærra en 50% á lántökudegi.

SA sjá undanþágur frá meginreglu um lánstíma á verðtryggðum neytendalánnum sem lið í að auðvelda ungu fólki að eignast eigin íbúð. Annar liður að því markmiði er að finna í framkomnu lagafrumvarpi um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð, sbr. mál nr. 818. Þrátt fyrir framangreinda aðstoð má ljóst vera að fólk fjárfestir ekki í eigin íbúð nema að geta lagt fram allnokkuð eigið fé við kaupin.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Halldór Árnason